

Fundarstjóri - félagar

Þið hafið væntanlega á borðum ykkar skýrslu forseta um störf Alþýðusambands Íslands frá því á síðasta ársfundi og til dagsins í dag.

Það gefst ekki tóm til að ræða mjög ítarlega um innihaldið í skýrslunni. Það er ekki heldur mjög skynsamlegt að eyða dýrmætum tíma okkar í það. Ég vísa þess í stað í skýrsluna sjálfa.

Auk hinnar hefðbundnu skýrslu forseta, gefum við nú út í þriðja sinn Árið í hnotskurn. Þar var sagt frá ýmsum viðfangsefnum okkar á árinu í stuttu máli. Í stað þess að rekja í löngu og ítarlegu máli einstök viðfangsefni, eru nokkur mikilvæg tekin út og þeim gerð skil í stuttu ágripi.

Þessari útgáfu hefur verið mjög vel tekið, bæði innan hreyfingarinnar, en einnig utan hennar. Við sendum Árið í hnotskurn á stóran hóp fólks sem við teljum að geti hagnýtt sér efnið og við teljum að það eigi erindi til.

Árinu í hnotskurn verður dreift hér á fundinum.

Þó svo ég ætli ekki að rekja efni skýrslu forseta, þá langar mig að nefna nokkur atriði sem voru fyrirferðarmikil í starfi okkar á árinu. Ég ætla fyrst að minnst á líffeyrismálin.

Tvö viðfangsefni voru öðrum meira áberandi í þeirri vinnu, annars vegar aldurstenging ávinnslu líffeyrisréttinda og hins vegar réttarstaða þeirra sjóðsfélaga sem hafa áunnið sér og munu ávinna sér líffeyrisréttindi í mörgum líffeyrissjóðum vegna hreyfanleikans á vinnumarkaði.

Samhliða þessu þurfti nefndin að útfæra það með hvaða hætti hækkinin á framlagi atvinnurekenda í líffeyrissjóði sem samið var um í kjarasamningunum myndi leiða til ávinnslu réttinda.

Síðan hefur afar mikið verið fjallað um efnahagsmálin, ekki síst þróun verðlagsmála. Verðbólga hefur verið mun meiri heldur en kjarasamningar gerðu ráð fyrir og við höfum sent frá okkur varnaðarorð með reglulegu millibili. Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við með neinum útsplum, en vísar í skattalækkunar sem stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir síðustu kosningar og eru að líta dagsins ljós.

Því er haldið fram að þær komi í staðinn fyrir þá kaupmáttarrýrnun sem verðbólgan hefur í för með sér og að það væri glapræði fyrir okkur að sækja það sem vantar upp á að kjarasamningar haldi.

Við höfum bent á, að þó við séum auðvitað fylgjandi skattalækkunum, einkum ef þeim er beitt til tekjujöfnunar og ef þær eru ekki fjármagnaðar með niðurskurði í velferðarkerfinu – að þá séu þessar skattalækkunar ekki vel tímasettar.

Það er ljóst í mínum huga, að ef okkur á að auðnast að vinna okkur út úr þeirri stöðu sem efnahagsmálin eru sannarlega komin í, þá verður ríkisstjórnin að koma að lausninni með myndarlegum hætti.

Við höfum átt einn fund með fulltrúum ríkisstjórnarinnar. Á fundinum var lögð áhersla á að það væri ákjósanlegast ef ekki kæmi til uppsagnar á launalið samninganna – en til þess að svo geti orðið verður ríkisstjórnin og ekki síður atvinnurekendur að spila einhverju bitastæðu út.

Velferðarmálin hafa oft komið til umræðu á ársfundum Alþýðusambandsins og þó þau hafi ekki verið meðal allra stærstu viðfangsefnanna á árinu, hefur ýmislegt verið starfað á þeim vettvangi.

Velferðarnefndin vann til dæmis síðastliðið ár með fulltrúum ASÍ í þremur opinberum nefndum. Þar er um að ræða nefnd sem var falið að finna leiðir til að auka rétt foreldra á vinnumarkaði til að sinna langveikum börnum; nefnd um endurskoðun lyfjalaga; og nefnd um endurskoðun heilbrigðislaganna.

Við höfum ítrekað, í viðræðum við ríkisstjórn og víðar, rætt um mikilvægi þess að bæta hag foreldra langveikra barna. Þess vegna var það áfangasigur þegar nefndinni sem var falið að leita leiða til að auka rétt þessa hóps skilaði tillögum sem eru í vinnslu í ráðuneytinu. Í þeirri vinnu er byggt á tillögum nefndarinnar Þarna munaði örugglega um kröfur Alþýðusambandsins og starf fulltrúa þess í nefndinni.

Allmikil erlend samskipti fóru fram á árinu. Þar er meðal annars um að ræða Norræna samstarfið, starfið í Evrópusambandi verkalýðsfélaga samstarfið á vettvangi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, Vestnorræna samstarfið, auk starfa okkar í ráðgjafarnefndum EFTA og EES.

Hins vegar ber líklega hæst þær tilraunir sem nú er verið að gera á vettvangi alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga. Þar er nú verið að reyna að leiða saman öll alþjóðleg samtök launafólks í eina samstillta heild. Þing sambandsins í Japan í desember markaði þar skýrar áherslur og línur.

Jafnvel má gera ráð fyrir því að ný alþjóðleg samtök launafólks líti dagsins ljós á næsta ári – 2006.

Lykilorðið í þessari vinnu allri er Alþjóðavæðing samstöðunnar. Með því er lögð áhersla á að aðeins þannig geti verkalýðshreyfingin mætt neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingar og aukinnar samkeppni. Ég er þess fullviss, að gangi þetta eftir, verði alþjóðleg verkalýðshreyfing enn beittara vopn en hingað til.

Það er mikilvægt að launafólk í heiminum stíli saman strengina í þessu sambandi. Við höfum ekki farið varhluta af neikvæðum áhrifum alþjóðavæðingarinnar á Íslandi á undanförunum misserum. Talverður fjöldi útlendinga hefur komið hingað til lands í leit að atvinnu og sumir atvinnurekendur hafa misnotað aðstöðu þessa fólks, brotið á því kjarasamninga og réttindi – og um leið reynt að knýja niður kjör á vinnumarkaðnum.

Baráttan gegn félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði hefur raunar verið eitt fyrirferðarmesta viðfangsefnið í störfum okkar á árinu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hér – það verður eitt af helstu viðfangsefnum verkalýðshreyfingarinnar á komandi árum. Þó ýmislegt hafi áunnist síðan við höfum þessa baráttu undir kjörorðinu Einn réttur – ekkert svindl!, þá er ljóst að enn er margt óunnið. Ég nefndi í setningarávarpi mínu að það þyrfti að skerpa á ýmsum reglum og tilfinnanlega vantar lög um starfsmannaleigur og starfsemi þeirra.

Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um jafnréttismálin. Við fórum af síðasta ársfundi með samþykktir í farteskinu sem við höfum unnið eftir síðan.

Þó svo jafnrétti kvenna og karla sé einn af hornsteinunum undir grundvallarhugsjónum verkalýðshreyfingarinnar, þá höfum við sett þetta mikilvæga viðfangsefni í mun markvissari farveg en áður.

Að lokum langar mig að minnst nokkrum orðum á allt það starf sem unnið hefur verið í kjölfar samþykktar síðasta ársfundar um stöðu og starfshætti hreyfingarinnar.

Þessi vinna hefur að mestu farið fram á vettvangi formanna landsambanda og stærstu félaga. Við höfum látið framkvæma ítarlegar rannsóknir á viðhorfum almennings til hreyfingarinnar, viðfangsefna hennar og framgöngu. Við höfum jafnframt látið gera rannsóknir meðal nokkurra rýnihópa, meðal fjölmiðlafólks, stjórnmálamanna, fjölskyldufólks, félaga í verkalýðsfélögum og fleiri hópa.

Þessar rannsóknir hafa skilað okkur afar mikilsverðu hráefni í okkar vinnu. Við höfum skilgreint verkefnið þannig að það snúi st einkum um fjóra þætti. Í fyrsta lagi snýst það um framtíðarsýn, í öðru lagi um skilvirkara stjórnkerfi, í þriðja lagi um réttindi félagsmanna og í fjórða lagi um ímynd hreyfingarinnar.

Við fjöllum um alla þessa þætti á þessum ársfundi, en vinnunni er langt því frá lokið. Hér er einungis um að ræða áfanga á langri leið og við sjáum fram á mikla vinnu framundan.

Ég segi fyrir mitt leyti félagar – ég hlakka til hennar. Ég hlakka til hennar vegna þess að það sem við höfum gert hefur nú þegar skilað okkur þó nokkrum árangri og miðað við það hvernig hópurinn er innstilltur, þá efast ég ekki um að verkefnið á eftir að skila okkur miklum árangri og enn sterkari samtökum en þau eru í dag.

Félagar,

Í setningarávarpi mínu sagði ég að við værum sterk. Ég sagði jafnframt að við ætluðum að verða enn sterkari. Ég held því að við stöndum á ákveðnum tímamótum í því sambandi. Við höfum náð mjög góðum takti og eftir þennan ársfund verðum við tilbúin að stíga næsta skref – stórt skref inn í framtíðina.

Að lokum vil ég þakka félögum mínum í miðstjórn og félagsmönnum Alþýðusambandsins samstarfið á liðnu tímabili og starfsfólki á skrifstofu ASÍ fyrir allt það starf sem það hefur innt af hendi.